

Skipulagsstofnun  
Matthildur B. Stefánsdóttir  
Laugavegi 166  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 27. mars 2019  
2019020040/42-8  
TB, LÁ  
tb

### Efnistaka í Súlum og Stapafelli á Reykjanesi, frummatsskýrsla

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 22. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna efnistöku í Súlum og Stapafelli á Reykjanesi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda frummatsskýrslu og telur, miðað við hlutverk stofnunarinnar, að í skýrslunni komi að flestu leiti fram nægar upplýsingar svo byggja megi á henni matsskýrslu og álit Skipulagsstofnunar. Náttúrufræðistofnun byggir afstöðu sína, sérstaklega hvað snertir nákvæmni gagna, á því að framkvæmdasvæðið afmarkast að lang stærstum hluta af svæði þar sem efnistaka hefur verið stunduð til fjölda ára og hefur náttúrafari þar meira og minna þegar verið raskað. Að mati stofnunarinnar er það mikilvægt skref fyrir umgengni um náttúru svæðisins að mat á umhverfisáhrifum hafi farið fram fyrir efnistökusvæðið í Súlum og Stapafell á Reykjanesi en það ekki til eftirbreytni hve langur tími hefur liðið frá gildistöku laga um mat á umhverfisáhrifum og þar til framangreind frummatsskýrsla var birt.

Efnistaka í Súlum og Stapafelli mun valda töluverðum breytingum á landslagi / jarðmyndunum þegar fram líða stundir og vegast þar á sjónarmið um verndun landslags og jarðmyndana og þess að hafa efnistökusvæði eins fá og mögulegt er en auk þess er svæðið mikið raskað fyrir. Á bls. 39 í frummatsskýrslunni undir kafla 4.4.5 Mót vægisáðgerðir segir: „Ekki þykir nauðsynlegt að leggja til mót vægisáðgerðir til þess að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á jarðfærði og jarðmyndanir. Náman hefur verið mikið notuð sem rannsóknarstaður fyrir jarðvísindamenn og nemendur og hefur mikið fræðilegt gildi. Íslenskir aðalverktakar mun sjá til þess að varðveita hluta af jarðmyndunum með því að gera dæmigert snið í gegnum myndunina á ákveðnu svæði.“ Það ber að fagna því að Íslenskir aðalverktakar vilji varðveita hluta af jarðmyndunum þó fyrri hluti tilvitnaðs texta bendi til annars.



Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að í álitum Skipulagsstofnunar komi fram að samráð verði haft við fagstofnanir um hvernig skuli staðið að vernd hluta jarðmyndana á svæðinu til framtíðar.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson

forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

